



Nefndasvið Alþingis  
Velferðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 21.11.2023  
Tilvísun: M202311-0670

**Efni: Frumvarp til laga um tímabundinn stuðning til greiðslu launa vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ (508. mál – 154. löggjafarþing) – umsögn Alþýðusambands Íslands**

ASÍ styður það að umrætt frumvarp verði að lögum. Mikilvægt er að launafólki í Grindavík sé tryggð örugg afkoma í yfirstandandi hamförum. Sérlega nauðsynlegt er að mæta sérstaklega þeim óvæntu og skyndilegu aðstæðum sem fólk er lent í og skorar undirritaður því á Alþingi að afgreiða málið hratt og vel. Hvað frumvarpið varðar eru þó nokkur atriði sem undirritaður vill benda á telur að þarfnist nánari skoðunar og eftir atvikum skýringa við þinglega meðferð málsins:

- Frumvarpið tekur ekki á vanda þeirra einstaklinga sem búa í Grindavík en starfa annars staðar. Um er að ræða hóp sem gæti talið 150-200 einstaklinga enda er suðvesturhornið og ekki síst Reykjanesið allt eitt atvinnusvæði. Bæði geta verið fyrir hendi beinar hindranir svo sem fjarlægð frá vinnu vegna tímabundins húsnæðis og/eða óbeinar hindranir svo sem skortur á dagvistun í ljósi umrótsins sem gerir einstaklingum erfitt um vik að sinna starfi.
- Hámarksfjárhæðin, þ.e. 633þús á sér fyrirmynd í hámarksgreiðslum Ábyrgðasjóðs launa sem jafnframt var fyrirmyndin af þeim fjárhæðum sem komu til vegna sóttkvíar á þeim tíma er Covid-19 stóð sem hæst. Rétt er að benda á í því samhengi að þrátt fyrir hækkun launavísitölu þá hefur umrædd hámarksgreiðsla skv. lögum um Ábyrgðasjóð launa verið óbreytt frá vori 2018 en uppreiknuð fjárhæð m.v. launavísitölu er 910þús; og m.v. verðlagsvísitölu um 845þús. Þrátt fyrir að vonir standi til að sem flestir haldist á launaskrá umræddra atvinnarekenda sem löggin ná til, þá er viðbúið að töluverður hópur verði felldur af launaskrá sbr. 3. gr. laga nr. 19/1979 og að hluti þar verði fyrir beinu tjóni í ljósi hámarksins sem er vissulega högg ofan á annað það sem fólk hefur þurft að reyna undanfarin misseri.
- Að mati undirritaðs mætti skýra frumvarpið á þann hátt að óumdeilt sé að einstaklingar sem voru í hlutastarfi fyrir gildistöku laganna lendi ekki í því að Vinnumálastofnun skerði til þeirra greiðslur ef við á sbr. 11. gr. frumvarpsins. Það sama á við um einstaklinga sem voru í tveimur eða fleiri störfum í Grindavík. Veita verður fólki eðlilegt og nægjanlegt svigrúm til að bregðast við breyttum aðstæðum. Á almennum vinnumarkaði nýtur fólk uppsagnarfrests sem er að jafnaði þrjú mánuðir til að gera ráðstafanir og aðlaga heimilisbókhalðið breyttum tekjum.
- Ef til vill á það ekki beint undir frumvarp þetta sem slíkt en rétt er að benda á líka að upp gætu komið vinnuréttarlega álitamál um rétt einstaklinga ef starfsstöðvar einstakra atvinnarekenda opna aftur, flytjast til tímabundið eða jafnvel varanlega og vilja kalla fólk aftur til vinnu með einum eða öðrum hætti. ASÍ vill tiltaka hvað þetta varðar að þorri fólk vill að sjálfsögðu sinna sinni atvinnu en það upprót sem fylgir atburðum undanfarinna missera gerir það að verkum að fólk getur átt erfitt um vik til slíks. ASÍ ítrekar því þá skoðun sína að kerfið sýni umræddum einstaklingum mannúð og mildi í þeim túlkunum sem á getur reynt í jafn fordæmalausum



tilvikum og hér eru til staðar hvað varðar um rétt þeirra til greiðslna þrátt fyrir að atvik gætu í einhverjum tilvikum orðið þannig að starfsemi einstakra fyrirtækja geti hafist á ný.

Hvað varðar horfur til lengri tíma þá hvetur ASÍ stjórnvöld til að sýna aðstæðum einstaklinga sem lögin ná til skilning og áframhaldandi stuðning t.a.m. þegar meta þarf framlengingu úrræðisins og/eða breyttan stuðning. Eins og staðan er nú ef ekkert verður frekar að gert að aðstæður þannig að atvinnustarfsemi í Grindavík enn í uppnámi þá er ekkert sem grípur fólkið frá og með 1. mars nk. annað en almennar atvinnuleysistryggingar og hvað takmörk þess kerfis telur undirritaður rétt að benda á eftirfarandi:

- Einstaklingar yngri en 18 ára og eldri en 70 ára eiga ekki rétt til atvinnuleysisbóta.
- Einstaklingar með stuttan starfsaldur hér á landi geta átt engan eða takmarkaðan rétt til atvinnuleysisbóta. Fullur bótaréttur ávinnst á 12 mánuðum.
- Einstaklingar sem búa hér á landi og starfa á grundvelli takmarkaðs dvalar- og atvinnuleyfis (almennt utan EES) eiga ekki rétt til atvinnuleysisbóta.
- Stór hluti þeirra sem stunda nám og vinna samhliða því eiga ekki rétt til atvinnuleysisbóta.
- Einstaklingar fá ekki tekjutengdar atvinnuleysisbætur (grunnbætur eru kr. 331.298) fyrr en eftir tvær vikur og þá gildir sá réttur eingöngu í 3 mánuði. Sú tekjutenging bætir ekki umfram 70% af reglubundnum launum og aldrei meira en sem nemur kr. 522.282-
- Orlofslaun greiðast ekki af atvinnuleysistryggingum.

Virðingarfyllst f.h. ASÍ,

---

Halldór Oddsson

Sviðsstjóri lögfræði- og vinnumarkaðssviðs

[halldoro@asi.is](mailto:halldoro@asi.is) / 5355600